

Stjórnarfundur GHG 11. nóvember 2014 kl. 20.00

Mættir voru: Alfreð, Auðunn, Hafsteinn, Morten, Ólafur, Sigrún, Sveinbjörn og Össur.

1. Fundargerð stjórnarfundar 30. september var borin upp og samþykkt.
2. Fundargerð félagsfundar 12. október var borin upp og samþykkt.
3. Orlofsuppgjör við fyrrv. Framkvæmdastjóra.
Rætt var um kröfur fráfarandi framkvæmdastjóra um greiðslu orlofs. Farið yfir það sem greinir á milli. Lögð fram tillaga að uppgjóri við Kristinn og var Auðuni og Össuri falið, í umboði stjórnar, að kynna Kristni uppgjórið í samræmi við þær forsendur sem ræddar voru á fundinum.
4. Um skipan stjórnar 2014-2015 og annar undirbúningur fyrir aðalfund.
Nokkrir stjórnarmenn hafa látið vita að þeir munu ganga úr stjórn/gefa ekki kost á sér áfram. Stjórn fór yfir stöðuna.
Páll mun hætta í stjórn og hefur gert grein fyrir ástæðum þess.
Ásta hefur með tölvupósti sagt sig úr stjórn.
Sigrún mun ekki gefa kost á sér áfram, hefur setið sem formaður kvennanefndar í 5 ár og telur tíma kominn á nýtt blóð.
Þorsteinn Ómarsson mun hætta í stjórn.
Aðrir stjórnarmenn munu að öllum líkindum gefa kost á sér áfram, sem aðalmenn eða varamenn.
Ýmiss annar undirbúningur fyrir aðalfund er í gangi, t.d. veiting viðurkenninga og veiting háttvísibikars.
5. Stuttar fréttir af formannafundi GSÍ (sem fór fram 8. nóvember)
Auðunn, Harpa Rós og Össur mættu f.h. GHG. Auðunn sagði lítillega frá fundinum og þeim umræðum sem þar fóru fram. Nánari upplýsingar af fundinum má finna á golf.is.
6. Tímar í Hamarshöll (púttmót)
Ákveðið að tryggja tíma fyrir æfingar í Hamarshöll. Halda eitt jólapúttmót og hafa svo púttmót eftir áramót með svipuðu sniði og síðasta vetur
7. Æfingar afrekshóps unglunga í vetur
Ingvar golfkennari ætlar að finna tíma til að taka afrekshópinn í æfingar. Reynt verður að hafa æfingarnar sjálfbærar hvað kostnað varðar.
8. Önnur mál
Tillaga lögð fram frá vallarnefnd um að breyta 1. braut í þrjú braut og færa teiginn upp fyrir klett. Stjórn fól vallarnefnd að gera kostnaðaráætlun áður en ákvörðun verður tekin. Rætt var lítillega um vélakaup en stefnt er að einhverri endurnýjun.

Fundi slitið kl. 21:45

Fundarritari: Sigrún Arndal.